

**75. Konungleg Auglýsing um það, að ríkisstjórn
skuli falin á hendur ríkisarfa í fjärvist konungs.**

1873.

1. septbr.

(á Íslenzku og Dönsku).

Vér Christian hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Þareð Vér höfum í hyggju að ferðast til útlanda, viljum Vér, samkvæmt 1. grein í lögum 11. febr. 1871, um ríkisstjórn, þegar svo stendur á, að konungur ekki er orðinn fulltíða, eða er sjúkur eða fjærverandi, að ríkisstjórn í fjärvist Vorri sè falin á hendur ríkisarfanum.

Því birtum vér hérmeð Vorum kæru og trúu þegnum, að sonur Vor elskulegur, hans konunglega tign, krónprinz Christian Frederik Vilhelm Carl, tekur við ríkisstjórn í Voru nafni, frá 2. þ. m. þangað til Vér komum heim aptur.

**76. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans
yfir Íslandi, um læknaSKIPUN SYÐRA.**

1. septbr.

Útaf uppástungu yðar, herra landshöfðingi, í bréfi, dagsettu 22. júlím. þ. á, gefum vér yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess birtíð það,

að landlæknir jústizráð Jón Hjaltalín skuli fyrst um sinn undanþeginn héraðslæknastörfum í héraði því, sem sameinað er landlæknisembættinu,

að Jónas læknir Jónasson skuli, á meðan landlæknirinn, sem nú er, sè undanþeginn héraðslæknastörfum, fyrir laun þau, sem honum voru veitt samkvæmt konungs úrskurði 3. ágúst 1868 sem settum héraðslækni í nokkrum hluta af héraði því, sem landlæknirinn var skipaður í, settur sem héraðslæknir í Reykjavíkurbænum og í Seltjarnarness- og Álptanesshreppum í Gullbringu sýslu, auk þess sem hann áður var settur héraðs-

1873. læknir í Kjósarsýslu, en aptur á móti skuli hann undanþeginn
 1. septbr. héraðslæknastörfum í Gullbringusýslu að öðru leyti (á Suðurnesjum) og

að veita megi frá 1. júlí þ. á. kandídat í læknisfræði Þórði Gudmundsen, sem seztur er að sem praktiserandi læknir í Njarðvíkum í Gullbringu sýslu, styrk þann úr læknasjóðnum íslenzka, sem mælt er fyrir um í konungsúrskurði 10. maí 1867, með því móti að hann verði settur héraðslæknir á Suðurnesjum.

Skal allt, sem nú var getið, undir því komið, að þeir jústizráð Jón Hjaltalín og Jónas læknir Jónasson komi sér saman um fyrirkomulag þetta, og væntum ver, að fá skýrslu yðar um það.

10. septbr. 77. Auglýsing um að halda skuli opinbera guðsþjónustugjörð á Íslandi í minningu þess, að landið hefir verið byggt í þúsund ár. (á Íslenzku og Dönsku).

Samkvæmt uppástungu kirkju og kennslustjórnarinnar hefir Hans Hátign konungurinn 8. þ. m. allramildilegast fallið á, að haldið verði opinber guðsþjónustugjörð á öllu Íslandi árið 1874 í minningu þess, að Ísland þá hefir verið byggt í þúsund ár, að guðsþjónustugjörð þessi skuli fram fara í öllum aðalkirkjum landsins í lok júlí mánaðar eða í byrjun ágúst mánaðar á þeim sunnudegi, sem biskupinn yfir Íslandi nákvæmar tiltekur, en í aukakirkjunum næsta sunnudag eða næstu sunnudaga eftir, og að biskupnum sé falið á hendur að ákveða texta þann, sem leggja skuli útaf við tæða guðsþjónustugjörð, og að gjöra þær ráðstafanir, sem að öðru leyti með þarf í tilefni af þessu.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Kirkju- og kennslustjórnin, 10. dag september 1873.

C. Hall.

Fr. Reinhardt.